

Velferðarvaktin

Stöðuskýrsla vinnuhóps um félagsvísa

Í mars 2009 samþykkti ríkisstjórnin tillögu velferðarvaktarinnar um að fengnir yrðu sérfræðingar til að útbúa félagsvísa.¹ Í framhaldi var stofnaður vinnuhópur á vegum velferðarvaktarinnar og hefur hann það hlutverk að móta fyrstu skrefin að félagsvísu, fjalla um helstu viðfangsefni og lykiltölur.²

Vinnuhópurinn hefur fundað sex sinnum á tímabilinu 21. apríl til 23. júní 2009 og átt meðal annars fundi með Matthíasi Halldórssyni landlækni og Kristni Karlssyni frá atvinnu- og félagsmálasviði Hagstofu Íslands. Að auki hefur upplýsingum verið safnað hjá sérfræðingum í gegnum síma og tölvupósta.³ Fyrstu niðurstöður og tillögur hópsins má finna hér á eftir.

Skilgreining

Félagsvísar eiga að greina velferð, félagslegar aðstæður og heilsufar íbúa í landinu í ljósi þjóðfélagsaðstæðna og fyrirkomulags þjónustu og gera samanburð mögulegan milli ólíkra tímabila og sveitarfélaga.

Félagsvísar eiga að styðja við stefnumótun stjórnvalda og þróun þjónustu til framtíðar með hliðsjón af upplýsingum sem þeir veita.

Félagsvísar eiga að draga upp heildarmynd af ástandi þegar best lætur þar sem velferð, heilbrigði, vellíðan og þarfir íbúanna eru í brennidepli. Fyrst og fremst eru félagsvísar tæki sem eiga að greina hópa í vanda og þar sem samfélagslegar aðgerðir og þjónusta skila ekki tilætluðum árangri.

Markmið

Félagsvísar gera stjórnvöldum kleift að:

- fylgjast með afleiðingum efnahagskreppu á íbúa í landinu, með tilliti til kyns, aldurs, fjölskyldugerðar og uppruna,
- grípa til ráðstafana þegar ástæða er til,
- tryggja aðgengi að upplýsingum um velferðarmál,
- efla gæðaeftirlit í velferðarmálum,

¹ Tillaga velferðarvaktarinnar birtist í áfangaskýrslu, mars 2009. Skoða má skýrsluna á vefslóðinni <http://www.felagsmalaraduneyti.is/velferðarvaktin/>. Í sama mánuði samþykkti ríkisstjórnin tillögu velferðarvaktarinnar sem lesa má í skýrslu um aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um velferð, mars 2009. Sjá vefslóð: <http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/velferðarvakt09/AdgerdaaetlunUmVelferdina.pdf>

² **Vinnuhópurinn skipa:** Guðjón Magnússon, prófessor í lýðheilsufræði, Guðný Björk Eydal, dósent í félagsráðgjöf, Halldór Sigurður Guðmundsson, lektor í félagsráðgjöf, Margrét Sæmundsdóttir, hagfræðingur í viðskiptaráðuneytinu, sem er jafnframt formaður, Sigríður Jónsdóttir, skrifstofustjóri rannsókna og þjónustumats á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði, og Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor í hagfræði.

³ Þessir aðilar eru: Ásta Sigrún Helgadóttir hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Gísli Jafetsson hjá Sambandi sparisjóða, Guðjón Steingrímsson hjá Reiknistofu bankanna, Guðrún Sigurjónsdóttir, verkefnisstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Gunnar Sandholt, formaður Samtaka félagsmálastjóra, Jóna Björk Guðnadóttir hjá Samtökum fjármálafyrirtækja, Karl Sigurðsson hjá Vinnumálastofnun og Vilborg Oddsdóttir hjá Hjálparstofnun kirkjunnar.

- efla rannsóknir og samstarf við háskólasamfélagið og
- efla samstarf milli aðila sem vinna að velferðarmálum.

Aðferð og framkvæmd

Lagt er til að hannaðir verði félagsvísar sem verði birtir annars vegar mánaðarlega og hins vegar eftir því sem við á og er gerlegt.

- a) Mánaðarleg birting grunnvísa eins og þeir koma fyrir í hverjum mánuði. Gagnaöflun byggist á tölulegum upplýsingum sem eru fyrirliggjandi hjá stofnunum á landsvísu. Gögn sem eru ekki fáanleg í dag á landsvísu þarf að nálgast hjá sveitarfélögum.
- b) Stjórnvöld geri samstarfssamning um gagnasöfnun við valin sveitarfélög sem endurspeglar margbreytileika íslensks samfélags.
- c) Birtar verði samantektir og helstu niðurstöður um félagsvísa eftir því sem við á og er gerlegt. Unnin verði greining á gögnum um félagslegar aðstæður og heilsufar, til dæmis eftir kyni, aldri og fjölskyldugerð.
- d) Birtar verði reglulega upplýsingar sem byggja á fyrirliggjandi gögnum, svo sem EU - SILK og sérstökum matsrannsóknum. Tíðni birtinga fer eftir eðli og umfangi gagna.

Ljóst er að víða þarf að gera úrbætur á skráningu gagna og samræmingu til að hægt verði að hanna trúverðuga félagsvísa. Vinnuhópurinn mun í starfi sínu greina stöðu mála og gera tillögur í þeim efnum í samráði við viðkomandi fagráðuneyti.

Nauðsynlegt er að stjórnvöld taki sem fyrst ákvörðun um hver eigi að bera ábyrgð á félagsvísunum, hvaða stofnun eða samtök eigi að vista gögn, hreinsa gögn og vinna tölfraðilegar greiningar og samantektir. Vinnuhópurinn leggur til að félagsvísarnir verði vistaðir þar sem hefð er fyrir söfnun tölulegra gagna og úrvinnslu þeirra.

Félagsvísar sem eru til skoðunar hjá vinnuhópnum:

- Yfirlit yfir helstu lýðfræðilegar upplýsingar, svo sem um íbúafjölda skipt eftir sveitarfélögum, aldri, kyni og uppruna.
- Fjöldi heimila sem þiggja fjárhagsaðstoð.
- Fjöldi atvinnulausra.
- Geðlyfjanotkun, sölutölur.
- Fjöldi sem þiggur húsaleigubætur.
- Fjöldi á vanskilaskrá.
- Fjöldi heimila sem fá greiðsluáðlögun.
- Fjöldi heimila sem eru skráð gjaldþrota.
- Fjöldi heimsókna á læknavaktir.
- Fjöldi með endurhæfingarlífeyri og örorku.
- Umsóknir um örorkumat eða endurhæfingarlífeyri.
- Fjöldi hringinga til vinalínu RKÍ.
- Fjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda.

-
- Fjöldi barna sem nýtir sér skólahjúkrun, námsráðgjöf/félagsráðgjöf í grunnskóla.
 - Fjöldi kæra hjá ríkislögreglustjóra.
 - Fjöldi kvenna sem leitar aðstoðar í Kvennaathvarfið.
 - Fjöldi einstaklinga sem leitar til Stígamóta.
 - Mannafli í opinberri velferðarþjónustu.
 - Fjöldi barna/ungmenna í leikskólum, bekkjum í grunnskólum og framhaldsskólum.
 - Fjöldi skráðra nemenda í háskólanámi og í fullorðinsfræðslu.
 - Brottfall úr framhaldsskólum.
 - Þátttaka barna í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi.
 - Fjöldi barna sem fá máltíð í leik- og grunnskólum.
 - Fjöldi heimila sem sækja um endurgreiðslu vegna tannheilsu barna.
 - Fjöldi starfsmanna við heimaþjónustu og heimahjúkrun fyrir aldraða.
 - Slysa-, sjálfsmorðs- og byltutíðni.
 - Notkun áfengis og tóbaks, sölutölur.
 - Áætlað magn fíkniefna í umferð.
 - Fjöldi brottfluttra af landinu.